

Bjarni Reykjalin,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarni
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100030/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi í landi Illugastaða, Fnjóskadal

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði í landi Illugastaða í Fnjóskadal.

Skipulagssvæðið er um 38 ha að stærð og afmarkast af þjóðvegi í norðri, brekkurótum ofan við tún í vestri og nær suður fyrir syðri orlofshúsabyggð. Í dag eru á jörðinni 31 orlofshús, eitt íbúðar- og þjónustuhús, geymsluhús, ásamt sundlaug og þjónustuhúsi því tengt með búningsklefum o.fl.

Í lýsingu kemur fram að í nýju deiliskipulagi verði gert ráð fyrir að bæta við frístundahúsum og einnig verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna.

Umhverfisstofnun bendir á að í Fnjóskadal vex upprunalegur birkiskógar. Á jörðinni Illugastaðir hefur slíkur skógr verið ruddur vegna túna og eldri orlofshúsa. Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3.mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útvistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Ahersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að upprunalegur birkiskógor verði ekki ruddur frekar við væntanlegar framkvæmdir og því mikilvægt að tekið verði tillit til skógarins við deiliskipulagningu svæðisins. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að hugað verði að

sjónrænum áhrifum væntanlegra framkvæmda og að skipulagning svæðisins verði þannig að nýjar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og hafi ekki neikvæð sjónræn áhrif.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Beina Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri